

73

2. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að forsætisráðherra hefur tjáð oss, að við framkvæmd á 11. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hafi komið í ljós að brýna nauðsyn beri til að fulltrúar útgerðarinnar, sem um ræðir í lagagreininni, hafi atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á nauðsynjavörur til útgerðarinnar, svo og skipaviðgerðir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson

74

2. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Með lögum nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins, var ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna togarakaupa. Í sammingsviðræðum, sem fram hafa farið um lán þetta, hefur komið í ljós, að nauðsynlegt sé að lánsheimild þessi sé orðuð nokkuð á annan veg en gert var. Telur ríkisstjórnin því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um lántöku þessa í stað tilgreindra laga.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar nr. 33 1944 á þessa leið: